

Fjarskiptastofa
Vt. Guðmann B. Birgisson
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 31. júlí 2024
Án trúnaðarupplýsinga

Sent rafrænt: gudmann@fjarskiptastofa.is /

Varðar: Gagnabeiðni FST vegna markaðsgreininga á leigulínumörkuðum

Vísað er til ofangreinds máls, sbr. bréf Fjarskiptastofu („FST“) er bárust með tölvupósti 19. júní 2024, þar sem óskað er eftir nánar tilgreindum gögnum og upplýsingum frá Mílu hf. („Míla“) með vísan til eftirfarandi forsendna:

„Vegna vinnu við markaðsgreiningar á heildsölumarkaði fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum (Markaður 4 í tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 2016) og heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (Markaður 14 í tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 2004) óskar Fjarskiptastofa (FST) eftir upplýsingum frá fjarskiptafyrirtækjum um aðstæður á þessum mörkuðum.“

Frestur til þess að skila umbeðnum upplýsingum var upphaflega gefinn til 5. júlí 2024 en var síðan, vegna sumarleyfa, framlengdur til 31. júlí 2024.

Hér á eftir eru sett fram svör Mílu við spurningum FST um framangreinda markaði. Svörin eru tekin saman á sumarleyfistíma lykilstarfsmanna (bæði Mílu og FST) og því ákveðið flækjustig sem því fylgir. Er því settur fyrirvari við þessi svör og réttur áskilinn til þess að koma á framfæri frekari skýringum og upplýsingum. Trúnaðarupplýsingar eru afmarkaðar með hornklofa og [gulmerktar á þennan hátt], líkt og FST leggur til.

1. Markaður 4: Heildsölumarkaður fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum

1.1 Spurningalisti vegna markaðar 4 (lúkningarhluti leigulína)

1. Á skilgreining sem fram kemur í tilmælum ESA um viðkomandi markað nr. 4 frá 2016 og skýringum framkvæmdastjórnar ESB við sambærileg tilmæli frá 2014 við um heildsölumarkað fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum hér á landi? Ef ekki, þá vinsamlegast rökstyðjið að hvaða leyti hún á ekki við hér á landi.

Míla vísar hér til svara félagsins frá maí 2022 til FST við sömu spurningu. Er þar m.a. vísað í gögn og upplýsingar frá framkvæmdastjórn ESB, Cullen og Wik Consult og fram kemur að Míla sé í meginatriðum sammála því sem fram kemur í tilmælum ESA og skýringum framkvæmdastjórnar ESB um hvernig skilgreina skuli markað 4.

Skv. framkvæmdastjórn ESB þá er það sem einkennir leigulínur er geta þeirra til að veita tryggða bandbreidd til óskiptra afnota og jafnan hraða í báðar áttir. Er þetta í samræmi við skilning Mílu á þessum markaði.

Byggt á framangreindum upplýsingum falla eftirfarandi vörur undir markað 4:

Hefðbundnar leigulínur(e. Traditional LL), Ethernet leigulínur(e. Ethernet based LL), Bylgjulengda leigulínur(e. Optical LL(native Ethernet?)), rör og staurar(e. Ducts and Poles), Fyrirtækja + tengingar(xDSL) (e. Business bitstream) og svartur ljósleiðari(e. Dark fibre).

Í þeim löndum þar sem fyrirtækja + tengingar eru teknar með, eins og í Frakklandi t.d., þá eru markaðir 3 og 4 teknir saman, sem er ekki reyndin á Íslandi. Einnig hafa kvaðir verið felldar niður á þessum markaði, m.a. í Hollandi og Svíþjóð þar sem +tengingar eru leigulínur.

Áréttar Míla þá skoðun sína að IP net eða MPLS net eru ekki hluti af þessum markaði.

Telur Míla þannig að leigulínurmarkaðurinn (Markaður 4) taki aðeins til lúkningarhluta og að áhersla eigi að vera á tileinkaða/tryggða (e.dedicated/guaranteed) bandbreidd. Undir markaðinn fellur svartur ljósleiðari í aðgangsneti og eru aðstæður fyrir hendi sem krefjast frekari landfræðilegrar greiningar en gert var í síðustu markaðsgreiningu. Í því sambandi bendir Míla t.d. á að stór hluti tenginga á markaði 4 fer í dag eftir sömu strengjum og fara til heimila á markaði 3a. Eins og FST þekkir þá hefur markaði 3a verið skipt upp í 38 svæði og kvöðum aflétt af Mílu á svæðum þar sem um 80% landsmanna búa.

- 2. Að hve miklu leyti á skilgreining PFS á markaði 6 í greiningunni frá 2014, við um núverandi heildsölumarkað fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum hér á landi? Telur félagið að farnetslausnir og/eða skýjalausnir geti veitt fastanetslausnum staðgöngu á þessum markaði? Ef fyrirtækið telur að skilgreiningin eigi ekki við í dag, eða að litlu leyti, hvernig telur fyrirtækið að það eigi að skilgreina markaðinn í dag út frá markaðsaðstæðum þeim sem blasa við fyrirtækinu? Rökstyðjið.**

Míla vísar aftur til svara félagsins frá maí 2022 til FST við sömu spurningu þar sem m.a. er áréttað að markaðurinn hafi breyst mikið síðan 2014. Í stað lausna þar sem flutningsmiðillinn var kopar með virkum búnaði fyrir Ethernet eða stafrænan flutning er ljósleiðari ríkjandi í dag, seldur í heildsölu án nokkurs flutnings yfir búnað.

Þá hefur þessi markaður opnast þar sem mörg fyrirtæki og sveitarfélög um allt land bjóða svartan ljósleiðara í stað þeirra lausna sem Míla réð yfir á kopar árið 2014, þegar síðasta greining fór fram fyrir um 10 árum síðan.

Áréttar Míla að IP-MPLS ætti ekki að falla undir markað 4. Til viðbótar vill Míla taka eftirfarandi fram: Farnetslausnir sem hafa ekki tryggða bandvídd veita takmarkaða staðgöngu á þessum markaði auk þess að geta verið varatenging á móti fasttengingu.

Tilkoma skýjalausna hefur minnkað vægi tengingar á markaði 4 því nokkuð ber á að fyrirtæki kaupi síður tengingar á markaði 4 og láta heldur fjöldaframleiddar tengingar nægja, hvort sem þær eru fasttengingar eða á farnetslausnum. Má því færa rök fyrir því að með betri farnetstekni og skýjalausnum þá sé vægi markaðar 4 að minnka. Þarna er þó munur á fjarskiptafyrirtækjum annars vegar og öðrum fyrirtækjum hins vegar, enda má gera ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki þurfi ennþá tengingar með miklum gæðum fyrir tengingar í búnað sinn.

Eins og áður hefur komið fram þá fer stór hluti tenginga á markaði 4 eftir sömu strengjum og fara til heimila á markaði 3a. Það má því færa rök fyrir því að stór hluti af markaði 4 ætti fremur að heyra undir markað 3a en verðlagning yrði að taka mið af ýmsum þáttum eins og hærri gæðum (full nýting á svörtum ljósleiðara sem dæmi), að síðasti leggur geti verið sér og lagður skv. pöntun inn í fyrirtæki, auk þess að nýttur er að hluta sami strengur og PON er að nota í sinn stofn til heimila.

3. Eru einhverjar tengingar á fyrirtækjamarkaði eða til farsímasenda sem ekki rúmast innan ofangreindrar nýrrar skilgreiningar á markaði 4?

Byggt á fyrirbyggjandi upplýsingum ættu ADSL-, VDSL- og xPON fyrirtækjatengingar ekki að falla undir markað 4.

4. Hvaða smásölumarkaður eða smásölumarkaðir tengjast viðkomandi heildsölumarkaði að mati félagsins?

Míla bendir á að söluaðili á smásölumarkaði gæti í raun tekið allar vörur á heildsölumarkaði og selt á hvort sem er fyrirtækjamarkaði og til heimila. Sem dæmi eru fjarskiptafélögin oft að selja heimilistengar til fyrirtækja.

Dæmi um tengdan smásölumarkað væri t.d. sérsniðnar tengingar fyrir fyrirtæki, sem dæmi tenging til stórra stofnanna og orkufyrirtækja og meiri gæði eins og tryggð bandvídd.

5. Hvaða heildsöluþjónustur eru í boði hjá fyrirtækinu, sem fyrirtækið notar til innri nota eða sem aðgangsbeyðendur nota í innri starfsemi sína, t.d. til að tengja farsímasenda, eða til þess að bjóða tengingar til fyrirtækja í smásölu?

- Ljósínur (svartur ljósleiðari)
- EYK (þessi vara er á útleið)
- Örbylgjur (eru skv. FST undir M14 en Míla tekur að skoða þurfi hvort ekki sé frekar rétt að fella undir M4)
- Leigulínur (64 kb/s til 2Mb/s) en ekki eru margar eftir og ekki er hægt að kaupa þessa vöru lengur af Mílu þar sem Míla kaupir ekki inn slíkan búnað lengur.

6. Hvernig telur fyrirtækið eðlilegast að flokka þjónustur, t.d. eftir flutningsmiðli, tæknilausnum og/eða bandbreidd, miðað við stöðu á markaðnum í dag og með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar næstu 3-5 ár?

Miðað við hvernig eftirspurn á heildsöluþjónustum á markaði 4 hefur þróast hjá Mílu og það sem Míla hefur séð af framboði annars staðar, þá er ólíklegt að heildsöluþjónustur verði flokkaðar eftir bandbreidd á þessum markaði næstu árin. Eldri þjónustur sem byggðu á bandvídd eru á undanhaldi og ljósleiðari að koma í staðinn. Flutningsmiðillinn og tæknilausnin mun því skipta máli til framtíðar. Flutningsmiðillinn verður ljósleiðari, en ef miklar breytingar verða á næstu kynslóðum farneta geta til dæmis WDM kerfi orðið hluti af tæknilausn þeirra á þessum markaði. Leigutaki hefur þetta val í dag, getur leigt einn þráð af t.d. Mílu og fjölfaldað notkun gegnum eigin WDM lausnir án þess að þetta sé þjónusta í boði hjá Mílu sem stendur. Örbylgjur eru einnig nýttar til að veita tengingar þar sem fastanetslausnir eru ekki í boði.

7. Hverjir eru heildsölukaupendur á tengingum sem lýst er í spurningu 5 og hver var árleg velta gagnvart sérhverjum þeirra á árinu 2023? Ef fyrirtækið starfar á smásölumarkaði er óskað eftir lista yfir 20 veltuhæstu kaupendur leigulínuþjónustu, þ.m.t. IP þjónustu, ásamt veltu fyrir sérhvern kaupanda á árinu 2023, sundurliðað eftir tæknilausn. (Listi yfir viðskiptavinum)

Míla áréttar trúnað yfir viðskiptamannalistann hér á eftir:

[...]¹

8. Hvaða heildsöluþjónustur kaupir fyrirtækið eða selur, sem notaðar eru til þess að bjóða tengingar til fyrirtækja í smásölu eða tengja farsímasenda? Hverjir eru seljendur eða kaupendur heildsöluþjónustunnar?

[...]²

9. Í hvaða þjónustutegundum á smásölustigi notar fyrirtækið heildsöluaðföng sem falla undir skilgreiningu á markaði fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum? Vinsamlegast lýsið helstu einkennum þjónustunnar, notendahóp og markaðssetningu, t.d. hvort smásöluþjónustan sé seld sem hluti af vöndli fleiri þjónustutegunda.

Á ekki við um Mílu.

10. Hvert er þjónustusvæði fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða heildsölu eða smásölu? Lýsið einnig útbreiðslu eigin fjarskiptaneta á viðkomandi heildsölumarkaði eða tengdum smásölumörkuðum. Óskað er eftir að myndræn framsetning á korti fylgi.

Í svari Mílu til FST frá maí 2022 við sömu spurningu kemur fram að Míla sé einungis á heildsölumarkaði og þjónustusvæði Mílu á markaði 4 sé á öllum þéttbýlissvæðum á landinu og út frá hnútpunktum Mílu inn til sveita og upp til fjalla. eru hnútpunktur settir fram myndrænt á korti sem fylgdi. Þá kemur fram að hnútpunktum Mílu muni fækka mikið á næstu árum vegna niðurlagningar talsímakerfis Símans og uppbyggingar ljósleiðaraaðgangsneta.

[...]³

11. Hefur fyrirtækið þörf fyrir einhverja heildsöluþjónustu á viðkomandi sviði, sem ekki er í boði í dag?

Nei. Míla leigir ljósleiðara af öðrum aðilum, t.d. vegna tenginga við farsímasenda á M4.

12. Hvaða þættir hafa verið mest áberandi í þróun framboðs, eðli eftirspurnar, verðlagningar og markaðssetningar á þjónustum sem fyrirtækið telur falla undir nýja skilgreiningu á markaði 4 undanfarin 5 ár?

Eftirfarandi þættir hafa verið mest áberandi að mati Mílu:

Breytingar á stofn- og aðgangsneti og fækkun hnútpunkta. Niðurlagning kopars og þörf fyrir meiri bandvidd en eldri tæknilausnir eru að fasast út. Ljósleiðari verður ríkjandi á þessum markaði á næstu árum ásamt örbylgjulinkum þar sem ljósleiðari er ekki í boði. Með mun lengri drægni á ljósleiðara í aðgangsneti umfram það sem var í koparnetum þá hefur umfang aðgangsneta stækkað á meðan hnútpunktum og leiðum í stofnnetum hefur fækkað. Þessi þróun mun halda áfram.

¹ Trúnaðarmál

² Trúnaðarmál

³ Trúnaðarmál

13. Hefur fyrirtækið áform um að taka upp nýjar þjónustur eða tækni eða leggja niður einhverjar þjónustutegundir á viðkomandi markaði á næstu 3-5 árum? Ef svo er óskast upplýsingar um tímasetningar slíkra nýjunga og/eða niðurlagningar, sem og lýsingu á viðkomandi tækni eða þjónustu í stuttu máli.

Eins og Míla hefur áður upplýst FST um er fyrirhugað að leggja niður koparkerfið og áformar Míla að hætta sölu á öllum kopartengdum þjónustur á þessum markaði. Míla er hætt að selja SHDSL og mun loka á nýsölu á öðrum kopar vörum á þessum markaði innan árs. Áætlað er að kopar muni leggjast alfarið af á öllum mörkuðum á næstu 2-3 árum.

14. Hefur fyrirtækið áform um að auka við net sín og/eða þjónustusvæði á næstu 3 árum? Ef svo er, þá er óskað eftir upplýsingum um útbreiðsluáform.

Míla vísar til svara félagsins til FST frá apríl 2024 varðandi útbreiðslu ljósleiðarakerfa.

15. Telur fyrirtækið að IP-MPLS þjónusta sé nýtt eða sé nothæf til að veita þjónustu í aðgangsnnetinu eða aðeins í stofnnetinu? Telur fyrirtækið að IP-MPLS þjónusta sé hluti af viðkomandi markaði? Rökstyðjið svarið.

Míla býður ekki IP-MPLS þjónustu á markaði 4 eða í öðrum aðgangsnetsmörkuðum. Að mati Mílu er IP-MPLS þjónusta hvorki hluti af aðgangsnetsmarkaði né stofnnetismarkaði. Miklu fremur nýtir IP-MPLS þjónustan vörur á fyrrnefndum mörkuðum til að búa til fjölþjónustulag fyrir margskonar fjarskiptalausnir, t.d. bitastraums- og Internetþjónustu.

16. Telur fyrirtækið að svartur ljósleiðari sé staðgönguvara við virka þjónustu á viðkomandi aðgangsmarkaði, líkt og niðurstaða PFS kvað á um í greiningunni frá 2014, og ýjað er að í greinargerð framkvæmdastjórnarinnar með framangreindum tilmælum um viðkomandi markaði frá desember 2020? Ef ekki, rökstyðjið.

Míla telur að svartur ljósleiðari sé staðgönguvara á markaði 4 enda mögulegt að veita hágæða tengingar yfir slíkan miðil þó kaupandi þjónustunnar geti stjórnað gæðunum án aðkomu söluaðila.

17. Óskað er eftir gjaldskrá fyrir alla flokka tenginga sem falla undir viðkomandi markað og notaðar eru til að veita þjónustu til fjarskiptafyrirtækja á heildsölustigi og/eða kaupenda á smásölustigi, þ.m.t. fyrir ljóslínur (svarta ljósleiðara). Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort IP-MPLS tilheyrir markaðnum, eins og verið hefur fram að þessu, er ennfremur óskað eftir gjaldskrá fyrir slíka þjónustu ef fyrirtækið býður upp á hana í aðgangsnnetinu, þ.m.t. til farsímasenda.

Verðskrár Mílu eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins hér: <https://www.mila.is/vorur/verðskra/>

18. Telur fyrirtækið að samkeppnisvandamál séu til staðar á heildsölumarkaði fyrir aðgang með fasttengingu af miklum gæðum eða á tengdum mörkuðum á heild- eða smásölustigi?

Míla vísar til svars félagsins til FST frá maí 2022 við sömu spurningu og áréttar Míla sérstaklega mikilvægi þess að tryggt verði að eigendur svokallaðra sveitaneta geti ekki hindrað virka samkeppni með óeðlilegum skilmálum og verðkvöðum. Til viðbótar við framangreint svar Mílu frá 2022 vill Míla taka eftirfarandi fram:

Keppinautum hefur vissulega fjölgað og styrkur margra aukist frá því sem áður var. Staðfestir þessi þróun að mati Mílu að ekki séu skilyrði fyrir hendi til þess að útnefna Mílu með umtalsverðan markaðsstyrk og leggja kvaðir á félagið.

Míla telur að markaður 4 lúti sömu lögmálum og markaður 3a, enda útbreiðsla ljósleiðaranetana að miklu leyti sú sama á þessum mörkuðum. Líkt og á markaði 3a eru samkeppnisaðstæður á markaði 4 misleitir milli svæða þannig að sömu skilyrði eru fyrir hendi fyrir aðgreiningu landfræðilegra markaða. Að miklu leyti eru um sömu ljósleiðaranet að ræða þó vörurnar sem um ræðir séu seldar á mismunandi mörkuðum. Keppinautum hefur fjölgað og samkeppni að mati Mílu víða virk, líkt og á markaði 3a, en síðan eru nýir aðilar með umtalsverðan markaðsstyrk á ákveðnum landssvæðum.

19. Telur fyrirtækið ástæðu til að skipta markaðnum landfræðilega? Ef svo er, með hvaða hætti færi þá best á því að mati fyrirtækisins? Rökstyðjið.

Til viðbótar við svar Mílu við sömu spurningu árið 2022 vill Míla árétta að markaður 4 lítur sömu lögmálum og markaður 3a. Öll sömu skilyrði eru fyrir hendi fyrir því skipta upp markaðnum landfræðilega með sama hætti og gert er fyrir 3a. Um er að ræða að miklu eða öllu leyti fyrirtækjatengingar og farsímatengingar á sama aðgangneti og sömu svæðum og eru 3a. Keppinautum hefur fjölgað og samkeppnisaðstæður eru mismunandi eftir landssvæðum. Þá er Míla með efasemdir um að aðrir en Míla séu að tekjufæra M4-þjónustu sérstaklega enda engar kvaðir á öðrum félögum en Mílu varðandi kostnaðarbókhald, bókhaldslegan aðskilnaða eða nokkuð annað. Veltir Míla því þess vegna upp á hvaða grundvelli samanburður á keppinautum eigi að vera framkvæmdur.

20. Óskað er upplýsinga um heildartekjur af lúkningshluta leigulína árin 2020, 2021, 2022 og 2023 miðað við landið allt, sundurliðað eftir innri tekjum og ytri tekjum (bæði stofngjöld og mánaðargjöld) og eftir tæknilausnum. Innri tekjur geta t.d. verið sala til farsímadreifikerfis fyrirtækisins ef um slíkt er að ræða, til stofnmeta fyrirtækisins og til götuskápa eða annarra tengistaða vegna bitastraums. Í kjölfarið kemur til greina að óska eftir slíkum upplýsingum niður á sveitarfélög eða aðrar landfræðilegar einingar.

Telur Míla hér ríkt tilefni til þess að árétta mikilvægi þess að FST veiti fullnægjandi leiðbeiningar til fyrirtækja hvað þessa og sambærilegar spurningar um tekjur af fjarskiptaþjónustu varðar í þeim tilgangi að tryggja að samanburður sé byggður á réttum grundvelli. Mikil óvissa hefur verið um hvort og hvernig önnur fyrirtæki séu að færa tekjur af fjarskiptaþjónustu, og þ.m.t. af M4, sérstaklega til bókar. Það þarf þess vegna að mati Mílu að liggja skýrt fyrir á hvaða grundvelli FST tryggir sanngjarnan samanburð á þeim fyrirtækjum sem um er að ræða við mat á stöðu þeirra á þessum markaði.

Til þessa hefur samanburður á tekjum keppinauta á þessum markaði sem og öðrum mörkuðum fjarskipta í mörgum tilvikum ekki verið gerður á réttum forsendum og í raun skilað kolröngum niðurstöðum að mati Mílu. Félögum sem ekki hafa verið sömu kvöðum og Míla hefur verið gefið of mikið rými til túlkunar um það hvernig tekjur af fjarskiptaþjónustu eru settar fram. Er þetta beinlínis staðfest í tölvupósti frá FST til Mílu þann 11. júní sl. þar sem er annars vegar staðfest að miklar breytingar hafa átt sér stað á stofnlínumörkuðum frá því á árunum 2021 og 2022 og hins vegar að töluverð óvissa hafi verið um það hvernig skipta skuli tekjum Ljósleiðarans milli markaða „þar sem kerfshögun og tekjubókhald þess fyrirtækis er ólíkt því sem er hjá Mílu“.⁴

⁴ Tölvupóstur „Stofnlínemarkaðir – staðan“ frá FST til Mílu, dags. 11. júní 2024: „Töluvert vatn hefur runnið til sjávar síðan lagt var í þessa vinnu á árunum 2021 og 2022 og töluverðar breytingar átt sér stað, m.a. með leigu Ljósleiðarans á 2 NATO þráðum og kaup þess félags á stofnlínukerfi

Míla er eina félagið sem hefur frá stofnun þess verið undir kvöðum um eftirlit með gjaldskrá (kostnaðarviðmiðun), kostnaðargreiningar og bókhaldslegan aðskilnað í rekstri sínum. Á það ekki við um önnur félög sem virðast hafa verið í sjálfsvald sett á hvaða samningsgrundvelli fjarskiptaþjónusta þeirra er seld og hvernig einstaka þjónustubættir hafa verið tekjufærðir.

Taka verður m.a. tillit til þess hvort tekjur einstaka fjarskiptafyrirtækja eru fengnar með mánaðarlegum eða árlegum greiðslum fyrir einstaka sambönd eða þjónustur eða hvort um sé að ræða tekjur af vöndlaðri þjónustu eða jafnvel IRU samninga fyrir sambönd og þjónustur sem falla jafnvel undir marga markaði og sem ná mörg ár fram í tímann. Hefur þetta eðli málsins samkvæmt veruleg áhrif á mat á markaðshlutdeild einstakra félaga. Óvissa um framangreint hefur að mati Mílu gefið verulega villandi mynd af stöðu félaga á tilteknum mörkuðum.

Heildartekjur Mílu af lúkningarluta leigulína árin 2020, 2021, 2022 og 2023 miðað við landið allt, sundurliðað eftir innri tekjum og ytri tekjum eru settar fram hér fyrir neðan. Eðlilega er um að ræða trúnaðarupplýsingar.

[...]⁵

21. Annað sem fyrirtækið vill koma á framfæri?

Míla vill að lokum áréttu *mikilvægi þess að markaðsgreiningar séu endurskoðaðar reglulega* í samræmi við lagaskyldu þar um og þróunar á mörkuðum.

Þær stofnanir sem hafa úrslitaráhrif á framkvæmd fjarskiptaregluverksins, Framkvæmdastjórn ESB, BEREC og ESA, hafa margsinnis lagt á það áherslu að kvaðir séu byggðar á *réttum og uppfærðum upplýsingum* þannig þær *endurspegli raunverulega stöðu á blutaðeigandi mörkuðum hverju sinni*. Svo hefur hins vegar ekki verið raunin hér á landi og hefur langur tími á milli markaðsgreininga því óneitanlega haft alvarlegar afleiðingar á samkeppnishæfni Mílu sem og á samkeppni almennt á fjarskiptamarkaði og á hagsmuni neytenda.

Fjarskiptastofu hefur verið falið að framkvæma markaðsgreiningar á í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Er það eðlilega áhyggjuefni að rauði þráðurinn í athugasemdum ESA um markaðsgreiningar FST í gegnum árin eru áminningar um að of langur tími hafi liðið á milli markaðsgreininga stofnunarinnar. Hefur ESA í því sambandi ítrekað lagt á það áherslu að mikil seinkun á markaðsgreinungum skapar bæði *óvissu* fyrir markaðsaðila og getur *skaðað samkeppni* og þar með hagsmuni neytenda. Hafa athugasemdir sem þessar m.a. verið settar fram þegar *meira en sjö ár hafa liðið* á milli markaðsgreininga og þá talað um *verulega seinkun*.

Eins og FST þekkir, byggja núverandi kvaðir á Mílu á stofnlínumörkuðum á yfir *10 ára* gömlu mati sem sett er fram í ákvörðunum stofnunarinnar nr. 8/2014 og 21/2015 (sem byggja á gögnum frá árunum 2013 og 2014). Þar á undan höfðu 7 og 8 ár liðið frá síðustu markaðsgreiningum á þessum mörkuðum og setti ESA fram áminningu um það í athugasemdum sínum á sínum tíma. Umræddir markaðir hafa tekið miklum breytingum á þeim rúmlega 10 árum sem liðið hafa frá síðustu markaðsgreiningum og hefur FST staðfest þetta, sbr. ádurnefndan tölvupóst frá 11. júní sl. Hefur Míla því augljóslega þurft að

og fleiri fjarskiptakerfum Sjnar, sem fór endanlega í gegn síðasta haust. Það sem m.a. var óleyst á sínum tíma er hvernig skipta skuli tekjum Ljósleidarans milli þessara tveggja markaða, þar sem kerfishögun og tekjubókhald þess fyrirtækis er ólíkt því sem er hjá Mílu. Mikilvægt er að vel tækist til með þessa skiptingu svo verið sé að bera saman sömu hluti.“

⁵ Trúnaðarmál

sæta afar íþyngjandi kvöðum á þessum mörkuðum undanfarin ár sem byggja á úreldum forsendum áratugs gamalla markaðsgreininga FST. Telur Míla þessa miklu seinkun sem hefur orðið á endurskoðun þessara markaðsgreininga hafa skaðað samkeppni.

Þrátt fyrir að frestir Fjarskiptastofu til þess að framkvæma greiningar á nýjum mörkuðum og endurskoða fyrri greiningar hafi fyrst verið bundir í lög hér á landi með lögum um fjarskipti nr. 70/2022 þá gildi áður 3 ára reglan til margra ára í Evrópu skv. regluverki ESB frá 2009. Voru þetta tímamörk sem FST hefði eðlilega átt að taka mið af þrátt fyrir að það hafi ekki verið lögbundið á Íslandi. Þannig þurftu eftirlitsstjórnvöld í ESB almennt að endurskoða markaðsgreiningar á 3 ára fresti þar til þessi tímamörk voru lengd í 5 ár með innleiðingu Kóðans svokallaða árið 2020⁶.

Með setningu nýrra fjarskiptalaga árið 2022, sem innleiddu m.a. efnisákvæði Kóðans, eru Fjarskiptastofu sett *mjög skýr tímamörk* hvað varðar endurskoðun markaðsgreininga og kvaða. Samkvæmt ákvæði 8. mgr. 44. gr. skal Fjarskiptastofa framkvæma markaðsgreiningu og hafa tilkynnt fyrirhugaðar aðgerðir til Eftirlitsstofnunar EFTA sem byggjast á greiningunni innan eftirtalinna tímamarka:

- a. *innan fimm ára* frá fyrri ákvörðun um viðkomandi markað eða *innan sex ára ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki andmælt rökstuddri tillögu Fjarskiptastofu um árs framlengingu* en slíka tillögu þarf að setja fram eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins,
- b. *innan þriggja ára* frá útgáfu endurskoðaðra tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði að því er varðar markaði þar sem markaðsgreining hefur ekki áður farið fram, eða
- c. innan sex mánaða frá lokum frests skv. a- eða b-lið í tilvikum þar sem Fjarskiptastofa hefur ekki lokið eða telur sig ekki geta lokið greiningu innan tímamarka og hefur óskað eftir aðstoð evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta við að ljúka greiningu.

Leggur Míla mikla áherslu á að framangreind lögbundin tímamörk séu virt og að kvöðum sé létt af félaginu þá þegar og skilyrði eru til þess, enda getur mikill dráttur á endurskoðun markaðsgreininga og niðurfellingu kvaða beinlínis skaðað samkeppni og hagsmuni neytenda.

⁶ Tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (e. European Electronic Communications Code Directive eða EECC-tilskipunin). Aðildarríki Evrópusambandsins áttu í desember 2020 að hafa innleitt tilskipunina í landsrétt.

2. Markaður 14/2004: Heildsölumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína

2.1 Spurningalisti vegna markaðar 14 (stofnlínur)

1. Að hve miklu leyti á skilgreining PFS á markaði 14 samkvæmt tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 2004 í greiningunni frá 2015 ennþá við um markaðinn hér á landi í dag? Telur fyrirtækið að farnetslausnir geti veitt fastanetssamböndum eða örbylgjusamböndum staðgöngu á þessum markaði? Ef fyrirtækið telur að skilgreiningin eigi ekki við í dag, eða ekki að öllu leyti, hvernig telur fyrirtækið að það eigi að skilgreina markaðinn í dag út frá þeim markaðsaðstæðum sem blasa við félaginu í dag?

Míla vísar hér til svars síns við sömu spurningu sem sent var FST í maí 2022. Til viðbótar við það sem fram kemur í þessu fyrra svari Mílu vill félagið bæta eftirfarandi við:

Að mati Mílu á skilgreiningin sem sett er fram í tilmælum ESA frá 2004 í raun betur við markaðinn en markaðsgreining FST frá árinu 2015. Skilgreining á markaði 14 á að vera bundin við *tryggð gæði* eins og tryggða bandvídd, eins og er þegar um er að ræða svartan ljósleiðara eða ljósbylgjur sem hægt er að afhenda milli tveggja punkta. Þetta lýsir stofnnettsmarkaði á Íslandi betur í dag þar sem eldri vörur eins og SDH/PDH og eldri gerðir Ethernetþjónustu eru víkjandi og munu hverfa af markaði á næstu árum. Við hefur tekið ljósleiðari, ljósbylgjur og í örfáum tilfellum mun örbylgja vera lausn á stofnnettsmarkaði (t.d. til eyja utan ströndum Íslands).

Það er því nokkuð ljóst að frá því ESA gaf út tilmæli um þennan markað árið 2004 hefur mikið breyst bæði í Evrópu og á Íslandi. Frá árinu 2015 hafa markaðsaðstæður á Íslandi gjörbreyst. Má í því sambandi nefna sem dæmi eftirfarandi:

- Ný ljósleiðaranet hafa verið byggð upp víða um land af mörgum aðilum, þar með talið talsvert af nýjum stofnleiðum.
- Nýir og öflugir markaðsaðilar hafa komið á markað eða styrkt stöðu sína mikið (Ljósleiðarinn, Tengir, Snerpa, HEF, Orkufjarskipti, ýmis sveitanet, bæði í eigu sveitarfélaga og einkaaðila.)
- Fækkun hnútpunkta hefur átt sér stað og mun halda áfram vegna úrfösunar koparkerfisins og niðurlagnignar á PSTN kerfinu.
- Eldri stofnleiðir inn til sveita hafa með tilkomu langdrægna ljósleiðaraaðgangsneta breyst eða munu færast yfir á aðgangnetin.
- Samkeppni er til staðar á öllum helstu stofnleiðum landsins, og þá oft fleiri en tveir aðilar að keppa.

Í skýringum með tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 2014, sem eru nú að verða 10 ára gamlar, kemur fram að næstum öll ríki ESB búin að fella umræddan markað niður, sbr.:

“Most Member States have defined terminating segments of leased lines as the part between end-users’ premises and the closest exchange of a service provider. However, a clear distinction between the terminating and trunk segment is important as the market for wholesale trunk segments of leased lines has been removed from the list of markets susceptible

to ex ante regulation in the 2007 Recommendation. **Nowadays, almost all Member States have deregulated this wholesale market for trunk segments.**⁷⁷ (leturbreyting Mílu)

Míla áréttar að þessar skýringar með tilmælum framkvæmdastjórnar ESB voru birtar fyrir meira en 10 árum síðan og þá hafði þessi markaður verið felldur niður í flestum ríkjum Evrópu. Míla telur að það sama ætti að gilda á Íslandi, þar sem virk samkeppni hefur komist á.

2. Hvaða smásölumarkaður eða smásölumarkaðir tengjast viðkomandi heildsölumarkaði að mati félagsins?

Að mati Mílu má færa rök fyrir því að svo til öll fjarskipti á Íslandi eru tengd þessum markaði á einn eða annan hátt.

3. Hvaða heildsölupjónustur eru í boði hjá fyrirtækinu, á markaði fyrir stofnlínuhluta leigulína?

- Ethernetþjónusta (MPLS-TP)⁸
- Ethernetsambönd (yfir SDH/örbylgju)
- Stofnlínur (SDH/örbylgja)
- Ljósleiðari
- Ljósbylgja

4. Hvernig telur fyrirtækið eðlilegast að flokka þjónustur, t.d. eftir flutningsmiðli, tæknilausnum og/eða bandbreidd, miðað við stöðu á markaðnum í dag og með tilliti til fyrirsjáanlegrar þróunar næstu 3-5 ár?

Stofnnettsmarkaðurinn á Íslandi er að þróast úr eldri lausnum og yfir í færri vörur. Að mati Mílu mun stofnnettsmarkaður og vörur á þeim markaði vera samsettur að mestu úr svörtum ljósleiðara og ljósbylgjum eftir 3-5 ár. Eldri lausnir eru hratt að fasast út þar sem talsími (PSTN) hefur nýlega verið lokað og þetta leiðir af sér að flutningskerfi PSTN (SDH/leigulínur) hjá Mílu mun leggjast af á skömmum tíma⁹. Koparlausnir í stofnneti eru einnig að fasast út. Örbylgjur eru að mestu leyti að leggjast af í stofnneti með tilkomu nýrra ljósleiðarleiða, þrátt fyrir að eftir standa nokkrar sem tryggja tengingu, t.d. í eyjar utan strandar Íslands (dæmi Grímsey og Flatey). Eldri ethernetþjónustur innan stofnnetts eru einnig að fasast út og færast í lausnir í aðgangsneti og yfir í ljósbylgjur í stofnneti. ATM fasaðist jafnframt út hjá Mílu fyrir allmörgum árum.

Eru því rök til þess að flokka lausnir/vörur í stofnneti eftir flutningsmiðli/tæknilausn og samhverfum /tryggðri bandvídd.

5. Hvert er þjónustusvæði fyrirtækisins á viðkomandi markaði? Lýsið einnig útbreiðslu eigin fjarskiptaneta á viðkomandi markaði. Óskað er eftir upplýsingum um heildarlengd stofnlínukerfis sundurliðað eftir flutningsmiðli (kopar, ljósleiðari, örbylgja). Óskað er eftir að myndræn framsetning á korti fylgi.

⁷ Sjá kafla 4.2.2.3 á bls. 49 í skýringum með tilmælum framkvæmdastjórnar ESB („Explanatory note Accompanying the document Commission Recommendation on the relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on common regulatory framework for electronic communication networks and services.“)

⁸ Þetta er ekki sama vara og tækni og IP-MPLS þótt heitið innihaldi “MPLS”.

⁹ Það sama á ekki endilega við um aðra sem bjóða SDH.

Þjónustusvæði Mílu er um allt land. Þó er Míla á sumum stöðum að leigja þjónustu frá öðrum á þessum markaði til að geta veitt þjónustu um landið allt.

[...] ¹⁰

6. Hverjir voru kaupendur fyrirtækisins á tengingum, þ.m.t. svörtum ljósleiðara, á markaðnum á árinu 2023? Gefið upp veltu af viðskiptum við þá 20 stærstu, sundurliðað eftir tæknilausnum. (Listi yfir viðskiptavinum)

Míla áréttar trúnað yfir viðskiptamannalistann hér á eftir:

[...] ¹¹

7. Hvaða heildsöluþjónustur kaupir fyrirtækið, á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína? Hverjir eru seljendur þjónustunnar og hver var veltan á árinu 2023, sundurliðað eftir tæknilausnum, þ.m.t. svartur ljósleiðari? Í hvaða þjónustutegundum notar fyrirtækið stofnlínur sem aðföng?

[...] ¹²

8. Hefur fyrirtækið þörf fyrir einhverja heildsöluþjónustu á viðkomandi sviði, sem ekki er í boði í dag?

Nei

9. Hvaða þættir hafa verið mest áberandi í þróun framboðs, eðli eftirspurnar og verðlagningar stofnlína undanfarin 5 ár?

Hvað varðar þróun verðlagningar þá er það svo, líkt og FST þekkir, að verðlagning Mílu á þessum markaði hefur til þessa verið háð samþykki FST að loknu hefðbundnu markaðs- og kostnaðargreininga samráðsferli. Er það reynsla Mílu að málsmeðferð FST í þessum málum hefur tekið langan tíma og oft mikill dráttur á því að fá samþykktar kostnaðargreiningar hjá FST. Hefur þetta óneitanlega haft neikvæð áhrif á bæði verðþróun og vöruframboð Mílu, sem og skaðleg áhrif á samkeppni, þar sem þetta hægir á þróun vöruframboðs og seinkar að hagkvæmara verð skili sér til neytenda. Um aðra þætti vill Míla m.a. nefna eftirfarandi ¹³:

Um eðli eftirspurnar:

- Bandvíddareftirspurn heldur áfram að aukast og því þarf að þróa vörur og þjónustu/uppbyggingu til að mæta því.
- Meiri ásókn í svartan ljósleiðara eða ljósbylgjur, fremur en eldri vörur og örbylgjusambönd.
- Eftirspurn á stofnnetsvörum Mílu hefur minnkað verulega auk þess sem tekjustofnar af eldri lausnum (PSTN yfir SDH) hefur farið út. Reynsla Mílu er að augljóst er að samkeppnisaðilar horfa til verðskrár Mílu sem er opinber á vef Mílu vegna kvaða frá 2015 og bjóða undir því verði. Hefur Mílu, vegna ákvarðana FST, verið ókleift að bregðast við samkeppninni með virkum hætti og hefur það óneitanlega haft neikvæð áhrif á samkeppni.
- Eftirspurn er eftir stærri tengingum á margfalt lægra verði per bita en verið hefur. Búast má við að sú þróun haldi áfram og því er mikilvægt að hægt sé að bregðast við þeirri eftirspurn með breyttum verðskrá og nýjum þjónustum jafn óðum og þessi þróun á sér stað.

¹⁰Trúnaðarmál.

¹¹Trúnaðarmál

¹²Trúnaðarmál

¹³Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Um þróun framboðs á markaði:

- Breyting á högun og tækni þar sem hnútpunktum hefur fækkað, ljósnetum í aðgangsnnetum hefur fjölgað og útbreiðsla mun meiri í aðgangsnneti. Stofnetsleiðum hefur fækkað og sum færst eða eru að færast á aðgangsnnet.
- Virk samkeppni á markaði, með tilkomu aðila og frekari uppbyggingu hjá á borð við Ljósleiðarann, Tengir, Snerpu, Orkufjarskipta sveitaneta..
- Aukið framboð á ljósleiðarastrengjum í stofnneti
- Þrjú fyrirtæki reka t.d. bylgjulengdarkerfi: Míla, Ljósleiðarinn og Nova að selja bylgjur í stofnneti.
- Fleiri fyrirtæki eru að selja stofnnetlausnir bæði um allt land (t.d. Míla, Ljósleiðarinn, Nova og Orkufjarskipti).
 - Orkufjarskipti hafa lokið við að byggja nýjan stofnhring eða „áttu“ umhverfis Ísland.
- Fleiri fyrirtæki að selja lausnir á svæðum, sem dæmi:
 - Höfuðborgarsvæði
 - Nova
 - Ljósleiðarinn
 - Míla
 - Norðurland
 - Tengir
 - Ljósleiðarinn
 - Míla
 - Vestfirðir
 - Ljósleiðarinn
 - Snerpa
 - Míla
 - Austfirðir
 - Ljósleiðarinn
 - Míla
 - Austurljós
 - HEF
 - Auk fleiri dæma á sveitarkerfum

10. Hefur fyrirtækið áform um að taka upp nýjar þjónustur eða tækni eða leggja niður einhverjar þjónustutegundir á viðkomandi markaði á næstu 3-5 árum? Ef svo er, óskast upplýsingar um tímasetningar slíkra nýjunga og/eða niðurlagningar.

[...] ¹⁴

11. Hefur fyrirtækið áform um að auka við net sín og/eða þjónustusvæði á viðkomandi markaði á næstu 3-5 árum? Ef svo er, óskast upplýsingar um útbreiðsluáform.

[...] ¹⁵

¹⁴ Trúnaðarmál

¹⁵ Trúnaðarmál

12. Telur fyrirtækið að IP-MPLS þjónusta sé hluti af viðkomandi markaði? Rökstyðjið svarið.

Til að teljast leigulína þarf þjónusta að uppfylla tiltekin skilyrði, þ.m.t. að vera varanleg tenging milli tveggja eða fleiri fastra staða þar sem allir tengipunktur eru skilgreindir fyrirfram við uppsetningu línanna og vera til einkaafnota fyrir þann sem leigir línurnar og veita samhverfa afkastagetu.

Að mati Milu ætti IP-MPLS þjónusta ekki að falla undir markað 14. Nánast öll umferð í IP-MPLS kerfi Milu er „línuskipt þjónusta“, hvort sem um er að ræða Internetþjónustu, VoD, VoIP eða fyrir farsímadreifikerfi.

IP-MPLS kerfi byggjast á samnýttri bandvídd, og það veitir ekki aðgang að tryggðri flutningsgetu eða tryggir ekki samhverfa afkastagetu. Netið er samnýtt og er því ekki til einkaafnota fyrir þann sem leigir línurnar ólíkt því sem að hefðbundin stofnnets kerfi gera (s.s. SDH, EoSDH, MPLS-TP og bylgjulengdirkerfi)

Þrír aðilar reka landsdekkandi IP-MPLS kerfi; Míla, Nova hefur byggt upp sitt kerfi ásamt því að kaupa IP-MPLS kerfi Símafélagsins og Ljósleiðarinn með kaupum á stofnneti ásamt IP-MPLS kerfi Sýnar 2022.

Mílu er ekki kunnugt um að IP-MPLS kerfi séu í neinum öðrum löndum innan Evrópu skilgreint sem hluti af stofnnetismarkaði.

Miðað við markaðsaðstæður á Íslandi eru ekki haldbær rök fyrir því að skilgreina IP-MPLS sem hluta af þessum markaði.

13. Telur fyrirtækið að svartur ljósleiðari sé staðgönguvara við virka þjónustu á viðkomandi markaði, líkt og niðurstaða PFS kvað á um í greiningunni frá 2015? Ef ekki, rökstyðjið.

Svartur ljósleiðari er hluti af stofnnetismarkaði að mati Milu. Um er að ræða vöru með tryggð gæði sem tengist milli tveggja punkta.

14. Óskað er eftir gjaldskrá fyrir alla flokka stofnlínutenginga, þ.m.t. fyrir svarta ljósleiðara. Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort IP-MPLS tilheyrir markaðnum, eins og verið hefur, er einnig óskað eftir gjaldskrá félagsins vegna þeirrar þjónustu.

Verðskráin er opinber á heimasíðu Milu: <https://www.mila.is/endursoluadilar/stofnnet/>
Gjaldskrá fyrir IP-MPLS net Milu, sem hefur áður verið send FST, er hér meðfylgjandi sem fskj. 1.

15. Telur fyrirtækið að samkeppnisvandamál¹⁶ séu til staðar á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína eða á tengdum mörkuðum á heild- eða smásölustigi?

Míla vísar til svars fyrirtækisins frá maí 2022 við sömu spurningu FST og áréttar að ekki eru að mati Milu merki um samkeppnisvandamál á umræddum mörkuðum önnur en þau sem stafa af skertri getu Milu til að keppa á jöfnum grundvelli við önnur félög á markaðnum, þ.m.t. félög í opinberri eigu (Ljósleiðarinn, Orkufjarskipti og net í eigu sveitafélaga). Kvaðir og langur málsmeðferðartími FST hefur að mati Milu dregið úr virkri samkeppni á markaðnum.

¹⁶ Með vandamálum á sviði samkeppni er átt við óhagstæða formgerð markaðar og/eða hvers konar atferli fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk sem er til þess ætlað eða sem leiðir til þess að keppinautar hrekjast af markaði, sem kemur í veg fyrir að mögulegir keppinautar komist inn á markaðinn og/eða kemur niður á hagsmunum neytenda.

16. Telur fyrirtækið ástæðu til að skipta markaðnum landfræðilega? Ef svo er, með hvaða hætti færi þá best á því að mati fyrirtækisins? Rökstyðjið.

Að mati Mílu eru samkeppnisskilyrði vissulega mismunandi eftir landssvæðum og telur Míla því ríka ástæðu til þess að skipta markaðnum upp landfræðilega. Í einhverjum tilvikum er um að ræða svæði þar sem fyrir hendi er markaðsbrestur og því óhagkvæmt að byggja upp þjónustu á slíkum svæðum en á mörgum öðrum svæðum er tekjugrundvöllur góður og samkeppni öflug.

17. Óskað er upplýsinga um heildartekjur af stofnlínuhluta leigulína árin 2020, 2021, 2022 og 2023 miðað við landið allt, sundurliðað eftir innri tekjum og ytri tekjum (bæði stofngjöld og mánaðargjöld) og eftir tæknilausnum. Innri tekjur geta verið sala til farsímadreifikerfis fyrirtækisins ef um slíkt er að ræða, vegna bitastraumsaðgangs í aðgangneti og sala til IP nets fyrirtækisins. Í kjölfarið kemur til greina að óska eftir slíkum upplýsingum niður á landfræðilegar einingar, t.d. einstakar leiðir og/eða tiltekin afmörkuð landfræðileg svæði. Að mati FST henta sveitafélagamörk vart fyrir slíka hugsanlega landfræðilega aðgreiningu á viðkomandi markaði, þar sem algengt er að stofnsambönd fari um fleiri en eitt sveitarfélög eða jafnvel mörg og byrjar samband þá í einu sveitarfélagi og endar í öðru.

Árétta Míla hér sjónarmið sem fram koma í svari við spurningu 20 hér að framan varðandi M4 um mikilvægi þess að FST veiti fullnægjandi leiðbeiningar til fyrirtækja hvað þessa og sambærilegar spurningar um tekjur af fjarskiptaþjónustu varðar. Mikil óvissa hefur verið um hvort og hvernig önnur fyrirtæki séu að færa tekjur af fjarskiptaþjónustu til bókar. Það þarf þess vegna að mati Mílu að liggja skýrt fyrir á hvaða grundvelli FST tryggir sanngjarnan samanburð á þeim fyrirtækjum sem um er að ræða varðandi mat á stöðu þeirra á þessum markaði.

Til þessa hefur samanburður á tekjum keppinauta á þessum markaði sem og öðrum mörkuðum fjarskipta í mörgum tilvikum ekki verið gerður á réttum forsendum og í raun skilað kolröngum niðurstöðum að mati Mílu. Félögum sem ekki hafa verið sömu kvöðum og Míla hefur verið gefið of mikið rými til túlkunar um það hvernig tekjur af fjarskiptaþjónustu eru settar fram. Er þetta beinlínis staðfest í tölvupósti frá FST til Mílu þann 11. júní sl. þar sem er annars vegar staðfest að miklar breytingar hafa átt sér stað á stofnlínumörkuðum frá því á árunum 2021 og 2022 og hins vegar að töluverð óvissa hafi verið um það hvernig skipta skuli tekjum Ljósleiðarans milli markaða „þar sem kerfishögun og tekjubókbald þess fyrirtækis er ólíkt því sem er hjá Mílu“.¹⁷

Míla er eina félagið sem hefur frá stofnun þess verið undir kvöðum um eftirlit með gjaldskrá (kostnaðarviðmiðun), kostnaðargreiningar og bókhaldslegan aðskilnað í rekstri sínum. Á það ekki við um önnur félög sem virðast hafa verið í sjálfsvald sett hvernig einstaka þjónustuþættir hafa verið tekjufærðir, sem hefur eðli málsins samkvæmt áhrif á mat á markaðshlutdeild einstakra félaga og, að mati Mílu, augljóslega gefið verulega villandi mynd af stöðu félaga á tilteknum mörkuðum.

[...]¹⁸

¹⁷ Fskj. 1, Tölvupóstur „Stofnlínumarkaðir – staðan“ frá FST til Mílu, dags. 11. júní 2024: „Töluvert vatn hefur runnið til sjávar síðan lagt var í þessa vinnu á árunum 2021 og 2022 og töluverðar breytingar átt sér stað, m.a. með leigu Ljósleiðarans á 2 NATO þráðum og kaup þess félags á stofnlínukerfi og fleiri fjarskiptakerfum Sjávar, sem fór endanlega í gegn síðasta haust. Það sem m.a. var óleyst á sínum tíma er hvernig skipta skuli tekjum Ljósleiðarans milli þessara tveggja markaða, þar sem kerfishögun og tekjubókbald þess fyrirtækis er ólíkt því sem er hjá Mílu. Mikilvægt er að vel takið til með þessa skiptingu svo verið sé að bera saman sömu hluti.“

¹⁸ Trúnaðarmál

18. Vill fyrirtækið koma einhverju á framfæri varðandi mögulegar breytingar á markaðsgerðinni og samkeppnisstöðunni á viðkomandi markaði eftir að Ljósleiðarinn fékk afnot af tveimur þráðum á NATO strengnum og keypti stofnnet og önnur fjarskiptanet Sýnar?

Með þeirri þróun sem verið hefur á markaðnum sl. ár, þ.m.t. leigu á tveimur þráðum NATO strengsins til Ljósleiðarans og kaupum á stofnneti Sýnar, er kominn enn öflugri markaðsaðili á stofnnetsmarkað. Þá byggja bæði Nova og Sýn sínar landsdekkandi fjarskiptaþjónustur fyrir heimili, fyrirtæki, farsíma og fleira á stofnneti Ljósleiðarans. Mikilvægt er að hafa í huga að um 2/3 allra notenda í landinu eru í viðskiptum við þessi fyrirtæki. Þarna eru tvö af þremur stærstu fjarskiptafyrirtækjum landsins með stofnnetþjónustur í gegnum Ljósleiðarann. Engu að síður er Míla eina félagið sem er undir kvöðum skv. ákvörðunum FST. Það skýtur því skökku við að Míla sé enn undir íþyngjandi kvöðum á þessum markaði sem byggja á löngu brostnum forsendum á grundvelli yfir 10 ára gamallar markaðsgreiningar sem gerð var þegar allt aðrar aðstæður voru til staðar.

19. Annað sem fyrirtækið vill koma á framfæri?

Míla vísar hér til svars hér að framan við sömu spurningu varðandi markað 4.

3. Spurningar er varða báða markaðina

3.1 Hvar telur fyrirtækið að mörkin milli markaða 4 og 14 liggi almennt séð hvað varðar netuppbyggingu og tengipunkta? Er fyrirtækið sammála þeirri niðurstöðu um mörk milli markaðanna sem fram kemur í ákvörðun PFS nr. 5/2020? Rökstutt álit óskast.

Niðurstaða FST frá 2020 er að mati Mílu ekki byggð á réttum forsendum og þarfnast endurskoðunar. Heimtaug á ljósi í dag getur verið um 60km og því eru mörk aðgangsnets og stofnnets í dag mjög óljós. Aðgangsnets og stofnnet geta jafnvel legið í sama ljósleiðarastreng. Þá heldur hnútpunktum áfram að fækka og þar með fækkar „leiðum“ í stofnneti um leið. Markaðirnir hafa verið að breytast umtalsvert á undanförunum árum og þess vegna óljóst hvar mörkin liggja. Áskilur Míla sér rétt til að koma með frekari skýringar og afstöðu um mörk þessara markaða á frekari stigum.

3.2 Telur fyrirtækið að tengingar sem tengja farsímasenda við næstu símstöð/hnútpunkt tilheyri markaði 4, markaði 14, þeim báðum eftir atvikum, eða öðrum markaði? Rökstutt álit óskast.

Míla telur að í dag sé a.m.k. um eftirfarandi tengimöguleika að ræða: Ljósínu (svartan ljósleiðara), WDM („Front haul“), örbylgju eða sambland þessara lausna. Slíkar tengingar ættu að vera á markaði 4, eða sem sér markaður.

Síðan eru dæmi um ljóslínur sem fara í gegnum einn hnútpunkt til þess hnútpunkts sem virkur búnaður viðskiptavinar er staðsettur í. Í raun er sú tenging sambland af báðum mörkuðum. Þá eru líka dæmi um ljóslínu sem fer í gegnum símstöð en síðan er sú símstöð lögð niður. Það eru því margar breytur sem ber að horfa til við skilgreiningu þessa markaðar og þ.á m. þarf að liggja skýrt fyrir hvað er *hnútpunktur*. Telur Míla þörf á frekari greiningu á þeim atriðum sem þurfa að liggja til grundvallar við skilgreiningu þessa markað.

3.3 Eru sambönd sem Farice nýtir innanlands frá afhendingarstöðum/skiptistöðum félagsins (POP), þ.m.t. í gagnaverum, að lendingarstöðum sæstengja til útlandatenginga hluti af markaði 4, markaði 14 eða utan þessara markaða sem hluti af útlandasamböndum og þá jafnvel sérstakur markaður? Rökstyðjið.



Að mati Mílu er um að ræða þjónustu utan þessa markaða sem hér um ræðir þar sem um er að ræða tengingar til útlanda og í raun lítill hluti af þeirri lausn. Útlandatengingar um sæstrengi ætti að vera sér markaður á Íslandi, þar sem Ísland er eyja og einn aðili er alfarið markaðsráðandi á þessum markaði. Ef skilgreina ætti síðasta legg þessara sambanda sem hluti af M14 héraendis er aftur mikilvægt að bera saman tekjur á réttlátan hátt. Sumt er greitt sem sambönd með mánaðarlegum og árlegum greiðslum á meðan önnur félög nota mögulega IRU samninga og þá sjást ekki árlegar greiðslur.

Að lokum áskilur Míla sér allan frekari rétt. Jafnframt er Míla að sjálfsögðu reiðubúin til samtals við FST um framangreint í þeim tilgangi að ræða t.d., skilgreiningaratriði, tæknilegan skilning, óvissuþætti o.fl.

Virðingarfyllst,

Inga Helga Halldórudóttir
Yfirlögfræðingur Mílu hf.